



ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild

**VERKEFNA- OG FJÁRHAGSUPPGJÖR  
VATNSORKUDEILDAR  
FYRIR ÁRIÐ 1984**

OS-85014/VOD-06 B

Mars 1985



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknúmer: 305

**VERKEFNA- OG FJÁRHAGSUPPGJÖR  
VATNSORKUDEILDAR  
FYRIR ÁRIÐ 1984**

OS-85014/VOD-06 B

Mars 1985

VERKEFNA OG FJÁRHAGSUPPGJÖR FYRIR OS VOD, 1984

1. Yfirlit forstjóra um starfsemina 1984 og verkáætlun 1985.
2. Yfirlit fagdeilda.
3. Starfsmannaskrá.
4. Skipting vinnutíma og fjár á verk (töflur).
5. Uppgjör einstakra verka, sem unnin eru fyrir framlag á fjárlögum.
  - 5.1. Rekstur.
  - 5.2. Fagverk.
  - 5.3. Deildarverk.
6. Uppgjör söluverka (sjá töflu 4.8).
  - 6.1. Greinagerð um framgang verkefna, sem unnin voru fyrir Landsvirkjun.
  - 6.2. Ýmis þjónustuverk (2 töflur), þ.m.t. verk fyrir Jarðhitadeild.
7. Skrá yfir skýrslur og greinagerðir.

VATNSORKUDEILD  
VERKEFNAUPPGJÖR FYRIR ÁRIÐ 1984.

FORMÁLI

Hugtakið skilafundur var innleitt á Vatnsorkudeild fyrir nokkuð mörgum árum í sambandi við þá hefð, sem skapaðist milli Vatnsorkudeildar og Landsvirkjunar um að skila af sér rannsóknarverkefnum með fundi þar sem niðurstöður voru skýrðar og skýrslum skilað. Fyrir 3 árum var fyrst haldinn almennur skilafundur vegna verkefna, sem greidd eru af ríkissjóði. Þetta hefur þótt takast vel, og er nú orðið að almennum skilafundi Orkustofnunar.

Starfsemi Vatnsorkudeildar á árinu 1984 var með svipuðu sniði og árin á undan nema hvað umsvif voru minni. Virkar vinnustundir voru um 105.000 á árinu en greiddar vinnustundir um 140.000. Velta deildarinnar var 44 millj. kr. Skipting vinnu á verkgerðir var eins og sýnt er á 1 mynd. Deildarverkin eru stærst bæði í vinnu og fjármunum. Tekjur deildarinnar voru eins og sést í töflu 1.

Tafla 1


Tekjur VOD

	Milljónir Kr.	
Fjárveitig		30
Verksala LV	11	
Önnur verksala	3	14
Samtals	14	44


Verksala LV hefur staðið nokkurnvegin í stað á milli ára í krónum en dregist verulega saman að raungildi. Skipulag deildarinnar hefur ekki breyst þó hefur orðið frekari þróun "matrixu" skipulagsins. Ráðgjafahópur starfar nú með verkefnisstjórum allra meiriháttar deildarverka og söluverka og hefur það sniðið af vissa hnökra á skipulagi og framkvæmd verka. Skipulag VOD er sýnt á mynd 2. Samráðsnefndin við Landsvirkjun (Vísir) hefur haldið reglulega fundi og hefur þetta formlega samráð gefist vel. Orkubúskapardeildin (OBD) er rekin með VOD og tekur víða þátt í starfi hennar líkt og undirdeildir VOD en faglega er hún alveg sjálfstæð og heyrir beint undir orkumálastjóra.

Vinnuframlag deilda er sýnt á mynd 3. Orkubúskapardeildin er hér með enda er hún inni í öllum uppgjörstölum sem birtast. Lítil breyting hefur orðið á stærðarhlutföllum frá árinu á undan. Mannvirkjajarðfræðin er stærst og umhverfisrannsóknir minnsta undirdeildin.

Á árinu lauk stjórnarsýsluendurskoðun Hagvangs á Orkustofnun. Í niðurstöðum Hagvangs var ekki gerð tillaga um skipulagsbreytingar á Vatnsorkudeild en aftur á móti gerð tillaga um fækkun starfsmanna. Í meðhöndlun þessa máls milli Hagvangs og forstjóra Vatnsorkudeildar var gerð sameiginleg tillaga um fækkun og tilfærslur á mönnum. Þessar breytingar beinast mest að því að styrkja vatnamælingastarfsemina með tilfærslum og vinnuframlagi frá öðrum deildum. Þessar tillögur eru nú komnar í framkvæmd. Á árinu varð liðurinn rekstur meiri en árið á undan á meðan allir aðrir liðir drógust saman. Grunur leikur á að hér sé um að ræða hluta af óbeinum kostandi við Hagvangsúttektina.



MYND 2



Deildaverkin eru lokaniðurstaða fjárveitingar af fjárlögum. Þau eru annarsvegar rannsóknir einstakra virkjunarstaða og hinsvegar ýmsar grunnrannsóknir, sem á óbeinni hátt tengjast virkjunum eða nýtingu orku

Virkjanaverkin eru annarsvegar ýmiskonar gagnasöfnun í náttúrunni og hinsvegar verkfræðiaætlanir og önnur pappírsvinna á skrifstofu. Áætlanir um virkjanir eru yfirleitt á forathugunarstigi, sem merkir að reiknað er samkvæmt stöðluðum formúlum. Þessar áætlanir eru ýmist gerðar af eigin starfsmönnum með notkun reiknilíkans eða eru aðkeyptar frá verkfræðistofu þegar meira er í þær lagt.

Unnið var að, og að mestu lokið, forathugun á Jökulsánum í Skagafirði og Neðri Þjórsá. Þessar áætlanir voru unnar af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Skýrslurnar liggja nu fyrir. Með eigin starfslíði hefur verið unnið að eftirfarandi virkjunarhugmyndum :

Skjálfandafljót við Íshólsvatn. Jökulsá á Dal með veitu úr Jökulsá á Fjöllum, en þar var aðallega hugað að staðsetningu og stærð miðlana. Óvissa í rennsli á mismunandi miðlunarstöðum getur haft töluverð áhrif á endanlegt val með tilliti til hagnaðar. Í efri Þjórsá var athuguð ný virkjunarhugmynd, Happölduvirkjun, sem nýtir betur fallið en fyrri hugmyndir gerðu ráð fyrir. Loks voru áætlanir um virkjun Efri Hvítár endurskoðaðar.

Skýrslur og greinagerðir liggja fyrir um öll þessi verk nema efri Hvítá, sem enn er í vinnslu í töflu 2 er niðurstaða þessara áætlana um orkumátt, stofnkostnað og orkuverð.

Eins og sést af töflunni er munur á orkukostaði furðu lítil fyrir þessar virkjanir.

Af öðrum deildarverkum eru rennslis og vatnshæðarmælingar stærst. Þarna er safnað í lang umfangsmesta gagnasafn deildarinnar sem alltaf bætist í og verður því verðmætara sem það verður eldra. Á því byggjast allir útreikningar á orkumætti svo lengi sem í heiðri verður haft að fortíðin er í þessu sambandi lykill af framtíðinni. Þetta er ekki endilega rett en örugglega þó það besta sem völ er á

Aurburðarrannsóknir eru stórt verkefni. Þar er verið að rannsaka hluta af því sem í ánum rennur þótt ekki sé aurburðurinn vel til orkuframleiðslu fallinn. Á árinu var endurtekin útreikningar á heildaraurburði íslenskra fallvatna og auk þess mæld setfylling í uppistöðulónum í Sigöldu og við Köldukvísl. Niðurstaðan er að árnar flytja um 70 milljónir tonna á ári til sjávar. Setfyllingin í Sauðafellslóni er orðin um 8 milljónir m<sup>3</sup> og í Sigöldulóni um 5 milljónir m<sup>3</sup>. Þetta er nokkurnvegin það sem við mátti búast frá fyrri mælingum.

Tafla 2.

VERÐLAG Í DES '83.

	ORKUMÁTTUR	STOFNKOSTNAÐUR	
	E GWh/a	K MKr.	K/E Kr/KWh/a
Stafnsvatnavirkjun			
án veitu	740	3.800	5,2
með veitu	940	3.100	5,4
Neðri Þjórsá			
Núpur	525	3.100	5,9
Búðafoss 2 þrep	675	4.350	6,4
Urriðafoss	875	4.500	5,2
Skjálfandafljót	500	3.100	5,9
Jökulsá á Dal			
M. Jökulsárveitu	9 000	37.000	4,1
Hnappölduvirkjun	1.400	7.700	5,5
Hvítá í Árnessýslu x)	1.600	9.100	5,7
Blanda	800	3.600	4,5
Fljótsdalsvirkjun	1 300	7.400	5,6

x) Ábóti, Stóraver og Haukholt.

Í töflu 3 er listi yfir önnur deildarverk, þ.e. þar sem velt var meira en 100 000 kr á árinu. Eins og þessi tafla ber með sér er nokkuð víða komið við en flokka má þau í þrennt:



1. Vatnafræði
2. Orkubúskapur
3. Gagnasöfnun á vatnasvæðum.

Á árinu var unnið að úttekt á Surtarbrandi á Vestfjörðum samkvæmt sérstakri fjárveitingu. Verkið kostaði rúma milljón króna og var niðurstaðan að Surtarbrandsvinnsla borgar sig ekki hér á landi. Hann er ekki auðlind við núverandi aðstæður.

Fagverk eða þróunarverk eru mörg en flest sma í sniðum. Í allt eru skilgreind fagverk 45 en einungis 11 þeirra ná 100.000 kr. umsetningu eða meir. Stærst er bergtækniverkið um 300.000 kr. Um það var skilað skýrslu á árinu um berggæðamat. Reiknilíkan deildarinnar, sem notað er til forathugana er alltaf í endurskoðun vegna kostnaðajafna og fleiri þátta. Sú vinna var að verulegu leyti adkeypt frá verkfræðistofu. Reiknilíkan þetta er upprunalega gert af Gunnlaugi Jónssyni núverandi forstjóra Stjórnarsýsludeildar, en þá starfsmanni á Raforkudeild - núverandi Vatnsorkudeild

MYND 3

VINNUFRAMLAG DEILDA VOD 1984





Tafla 3

ÖNNUR DEILDARVERK

	Kkr.
Þjórsá allt vatnasvið	1380
Gagnasöfnun orkumál	870
Útgáfa renslisskýrslna	800
Frumvinnsla VM	720
Raflínurannsóknir	610
Síðuvötn	540
Orkuspár	230
Orkusparnaður	190
Mór	180
Jarðgangagerð	150
Rekstur raforkukerfa	140
Suðurströnd	130
Vatnsafl Íslands	120
Markarfljót	110

Í fyrra var rætt um að vissar blikur væru á lofti varðandi verkefni deildarinnar ef ekki rættist úr um sölu á raforku til orkufreks iðnaðar. Þetta ár hefur liðið án þess að nokkuð hafi birt í þessum málum og eru menn nú miklu svartsýnni en fyrir ári síðan. Í nokkur ár hefur stöðugt dregið úr hönnunarrannsóknum. Þetta var fyrirséð þegar við gerðum langtímaáætlun okkar en ekki að botnin verði eins neðarlega og nú stefnir. Mannvirkjajarðfræðin er sú deild sem mest hefur stundað hönnunarrannsóknir. Þessi deild hefur að verulegu leyti byggt upp mannvirkjajarðfræðilega aðferðafræði í landinu og hefur þjónustu hennar notið við gerð flestra meiriháttar mannvirkja, auk allra virkjana síðasta aldarfjórðung. Nægir hér að nefna, sem dæmi, rannsóknir vegna Álversins í Straumsvík, járnblendiverksmiðju á Grundartanga, hafnargerð í Þorlákshöfn og brúargerð á Skeiðarársandi.

Á mynd 4 er sýnd þróun þessarar deildar undanfarin 4 ár ásamt áætlun fyrir þetta ár. Samdrátturinn er úr 20 ársverkum niður í 10 á 5 árum og enn stefnir niður á við. Í ár mun hluti af starfsfólki þessarar deildar vinna fyrir vatnamælingar. Hér er nauðsynlegt að halda vel á spöðunum til þess að færni sú og þekking á hönnunarrannsóknum, sem þessi deild hefur tileinkað sér, glatist ekki heldur verði til reiðu næst þegar viðtækra hönnunarrannsókna er þörf.

Oft er talað um 3 aðal auðlindir okkar Íslendinga:

1. Lífríki landsins, sem landbúnaður nýtir.
2. Lífríki hafsins, sem sjávarútvegur nýtir.
3. Orkan í og á jörðinni, sem orkuvinnsluiðnaðurinn nýtir.

Á mynd 5. eru þessar atvinnugreinar bornar saman hvað varðar veltu, launastig, skattstofn, launastig í innlendum aðfangaiðnaði og iðnaði sem á þeim byggir um aðföng.

Nýtanleg er sú auðlind sem veitir þeim sem við atvinnugreinina starfa þokkaleg kjör og skattbær laun, og fyrirtækjunum tekjur, sem gerir þeim kleift að skila aftur fjármaginu sem í þeim er fest á hæfilegum afskriftatíma. Samkvæmt þessu hefur hingað til verið mjög hagkvæmt að nýta orkulindir. Einnig er sjávarútvegurinn hagkvæmur, en landbúnaður norður við heimskautsbaug er vandræðabarn. Landbúnaður og sjávarútvegur fullnýta sínar auðlindir svo að þangað er ekki meira

að sækja. En því fer víðsfjarri um orkulindirnar. Þar má örugglega tífalda notkunina án þess að nærri þeim sé gengið.

	VELTA HLUT- FALL	L A U N A S T I G			SEM SKATT- STOFN
		ATVINNU VEGARINS	Í AÐFANGA- IÐNAÐI	Í AFLEIDDUM IÐNAÐI	
LANDBÚNAÐUR	1	0,60	1,0	0,90	Lélegur
SJÁVARÚTVEGUR	2	1,65	1,1	0,95	Góður
ORKUVEITUR	1	1,35	1,4	1,50	Góður

MYND 5

Laun miðuð við 1982

Velta þessara atvinnuvega er á milli 15 og 20 % af þjóðartekjum

Okkar aðal vandamál í dag er að finna markað fyrir orkuna. Veruleg aukning í notkun á vatnsorku verður eingöngu með sölu til orkufreks iðnaðar, þar sem orkan er verulegur hluti af aðföngum starfseminnar. Til þess að Ísland hafi þar staðartilvísun um staðsetningu þessa iðnaðar verður orkan hjá okkur að vera ódýrari en í flestum samkeppnislöndum. Ef vatnsorkan hjá okkur er of dýr til þess að gera landið áhugavert til staðsetningar orkufreks iðnaðar þá er vatnsorkan hjá okkur ekki lengur nýtanleg auðlind.

Á árinu hófst ýmis starfsemi til þess að endurnýja aðferðafræði í rannsóknum og ákvarðanatöku í raforkuiðnaðinum. Mikill hluti þessa starfs er unnin í samstarfs- og vinnunefndum Orkustofnunar, Landsvirkjunar og stundum fleiri aðila.

Allar beinast þær að því að styrkja grundvöll áætlanagerðar og ákvarðanatöku. Þar er spáð í markaðinn með orkuspá, ákvörðuð orkuvinnslugeta kerfis og framtíða virkjana og nú er að hefjast endurskoðun á aðferðafræði virkjanarannsókna og langtímaáætlana um þær. Bættar aðferðir í rannsóknum og rannsóknir yfirleitt minnka óvissu en eyða henni aldrei alveg. Með þessari endurskoðun aðferðafræði er von okkar að takmarkað rannsóknafé nýtist betur, en þekking á þessari lítið nýttu auðlind er undirstaða nýtingar í framtíðinni. Án þekkingar verður varla skorið úr því hvort vatnsaflið reynist auðlind í framtíðinni. Þar er eftir miklu að slægjast.

## LANDMÆLINGAR:

### Verksvið:

Að sjá um allar nauðsynlegar landmælingar fyrir Orkustofnun og úrvinnslu þeirra. Vegna kortagerðar í mælikvarða 1:20.000 eru mæld þríhyrninganet og hæðanet, sem síðar eru notuð við kortagerð í stærri mælikvarða og við staðsetningu mannvirkja á virkjunarsvæðum. Önnur verkefni eru mörg og fara verkefni fyrir JHD vaxandi. Nokkur almenn tölvupjónusta er veitt.

### Starfslið:

Auk deildarstjóra er mælingamaður og kerfisfræðingur á deildinni. Lausráðinn jarðeðlisfræðingur var á deildinni 1983, og kemur hann aftur til starfa 1985.

### Verkefni 1984:

Mælt var vegna kortagerðar í mælikvarða 1:20.000 á Þjórsársvæði (LV) og við Hvítá og við Urðarvötn. Mælt var vegna jarðfræðirannsóknna á Hofsafrétt, á Fljótsdalsheiði og við Neðri-Þjórsá. Lengdarmælingar og hæðarmælingar til að fylgjast með breytingum lands voru gerðar á Suðurlandi og við Trölladyngju á Reykjanesskaga. Einnig var hæðarmælt við Kröflu til að fylgjast með hæðarbreytingum þar. Kort af sunnanverðum Skagafirði og vestasta hluta Síðuvatna voru teiknuð á Verkfræðistofunni HNIT hf. samkvæmt mælingum OS.

### Verkefni næstu ár:

Mælt verður vegna kortagerðar við Skjálfandafljót og sennilega víðar. Lengdarmælingar og hæðarmælingar verða endurteknar á Suðurlandi og við Trölladyngju á Reykjanesskaga, og slíkar mælingar (til að fylgjast með breytingum lands vegna jarðhitavinnslu eða náttúruhamfara) fara sennilega í vöxt. Síðustu mælingum Orkustofnunar í þríhyrninganeti og hæðaneti á Fljótsdalsheiði er lokið, en eftir er að gera skýrslu um þau net.

## VATNAMÆLINGAR

### Starfsvið:

Að annast alhliða athuganir og mælingar á vatnsrennsli landsins.

### Aðalverkþættir:

1. Byggja vatnshæðarmælistöðvar og annast samfelldan rekstur þeirra.
2. Gera rennslismælingar hjá vatnshæðarmælum og samanburðarmælingar í nálægum vatnsföllum.
3. Koma mæliniðurstöðum á aðgengilegt form fyrir notendur
4. Auk hinna kerfisbundnu mælinga falla undir verksvið Vatnamælinga: Dýptarmælingar stöðuvatna, mælingar á jökulhlaupum o.s.frv. Ennfremur rennslisspár, sem innan tíðar munu vafalítið fá fastmótað form og teljast þá til hinna kerfisbundnu verka.
5. Með starfsárinu 1985, falla aurburðarmælingar á ný undir Vatnamælingar, vikið er að því síðar.

### Starfslið:

Forstöðumaður Vatnamælinga: Stjórn og skýrslugerð.

Vatnafræðingur: Nýjungar í vatnafræðum, reikningsleg vinnsla og skýrslur.

Kerfisfræðingur: Forritun.

Fjórir vatnamælingamenn: Rennslismælingar, vhm-eftirlit.

50 gæslumenn út um land (hluta-störf).

Skrifstofustörf og sumarvinna, alls 2-3 ársverk:

### Verkefni 1984:

Megin áhersla var lögð á rennslismælingar, og urðu þær alls 231. Höfð var samvinna við Landsvirkjun um vetrarmælingar. LV lagði til snjóbíl ásamt tveimur mönnum. Mælt var t.d. norðan Hofsjökuls. Lykilmælingar, voru gerðar um sumarið við marga sírita og samanburðarmælingar norðan Hofsjökuls og víðar.

Síritar: Loftbólusírita var komið upp í Jökulsá eystri hjá Eyfirðingavaði (vhm 167). Síriti á mæliþró settur í Hólmsá (V. - Skaft.) við Stóragil, vhm 231. Loftbólusíriti í Jökulsá á Fjöllum við Upptypinga færður um set (LV setti mælistíflu og nýjan skynjara í Laugará, VM aðstoðuðu LV við að setja loftbólumæli í Fellsá í Fljótsdal).

Ýmis verk: Leitað að skekkjum á mæliniðurstöðum, með það að markmiði, að koma tölulegu gildi á skekkjumörk.

Unnið var að nýrri útgáfu, tvíblöðungur (A-4). Útgáfa hafin við árslok.

Mælaeftirlit og útgáfa á rennslisskýrslum með líku sniði og áður, að öðru leyti en því er varðaði rafstöðvar.

Í norrænni samvinnu var gefin út í Stokkhólmi bókin Nordic Glossary of Hydrology. Island lagði ekki fé til útgáfunnar, en VM sáu um íslenskuna. Upphaf verksins er frá IHD árunum.

### Verkátlanir 1985:

Aurburðarmælingar: Af hagkvæmnisástæðum verður sýnataka flutt á ný til Vatnamælinga. Reynt verður að fella sýnatöku að rennslismælingum og mælaeftirliti.

Rennslismælingar: Varðandi vetrarmælingar á hálendi verður samvinna við LV. Lögð verður áhersla á mælingar í Jökulsá eystri og fleiri Skagafjarðarám á hálendinu, einnig Skjálfandafljóti, Blöndu o.fl. Ennfremur er ráðgert að rennslismæla Jökulsá á Fjöllum, Kreppu, ár í Fljótsdal og Jökulsá í Fljótsdal við Eyjabakka. Þá er lögð áhersla á mælingar í Markarfljóti og Hólmsá. Lykilmælingar að vorinu í Hvítá/Ölfusá/Sogi, ennfremur Þjórsá Sandafell/Tungnaá Hald o.fl.

Strengbrautir og síritar: Í Jökulsá í Fljótsdal á Eyjabökkum og í Hvítá í Arn. við Bláfell er áformað að koma upp nýjum síritandi vhm. Færa á Kreppumæli um set. Stefnt er að því að endurlífga 7 mælistöðvar á Vestfjörðum.

Ýmis verk: Ljúka við að mæla þversnið á Blöndu í Langadal. Athuga aðstöðu til vatnshæðarmælinga við Hítará, Laxá í Kjós, Hörgá og Svarfaðardalsá.

Útgáfa: Gagnasöfnun og útgáfa með líku sniði og áður. Lögð áhersla á útgáfa rafstöðvarskýrslna á nýja forminu. Áhersla lögð á frumgagnavinnslu jafnóðum svo að unnt sé að gefa þeim, sem áhuga hafa, nýjustu rennslisstöður á hverjum tíma á bráðabirgða skýrsluformi. Einnig yrði stefnt að því að geta séð lysthafendum fyrir þeim gögnun á tölvutæku formi.

## MANNVIRKJAJARÐFRÆÐIÐEILD

### Starfssvið:

Starfssvið MJ er að mestu jarðfræði- og jarðtæknirannsóknir á virkjunarstöðum eftir að grunnrannsóknunum er lokið. Mest er vinnan á verkhönnunar- og útboðsstigum, en einnig nokkur á forhönnunarstigi og eins er fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi. Deildin starfar í nánú samstarfi við hönnuði virkjananna og væntanlegan eiganda.

Fagið mannvirkjajarðfræði tengir saman jarðfræði og verkfræði. Á þessu fagsviði fara fram dýrustu hlutar vettvangsrannsókna vegna virkjana, þ.e. boranir, grunnvatnsmælingar, jarðeðlisfræðilegar mælingar, ýmsar jarðtækni- og bergtæknilegar rannsóknir ásamt ýtarlegum efnisprófunum. Verða þessar rannsóknir og prófanir umfangsmeiri eftir því sem nær dregur byggingarstigi.

### Starfslið:

Starfsmannafjöldi MJ-VOD árið 1984 var:

Fastráðnir	8 sem skiluðu	8 ársverkum
Verkefnaráðnir	1 sem skilaði	1 ársverki
Laus og sumarráðnir	8 sem skiluðu	3 ársverkum

-----  
Alls 17 sem skiluðu 12 ársverkum

Auk deildarstjóra voru á deildinni 6,5 jarðfræðingar (þar af 2,5 lausráðnir), 2 verkfræðingar, 1 jarðeðlisfræðingur og einn rannsóknarmaður. Af lausráðnum unnu 5 í stuttan tíma, þar af voru 3 jarðfræðingar.

### Helstu verk 1984:

Söluverk: Mestur hluti þeirra voru undirbúningsrannsóknir fyrir væntanlegar virkjanir Landsvirkjunar.

Þar voru stærstu verk:

Vatnsfellsvirkjun, Þórisvatnsmiðlun, Kvíslaveita, Sultartangavirkjun, Búrfellsvirkjun II og Bjallavirkjun. Þá var nokkuð unnið við athuganir á jarðgangagerð Blönduvirkjunar. Einnig var að mestu lokið heildarskýrslu um rannsóknir Vatnsorkudeildar vegna Fljótsdalsvirkjunar.

Smærri söluverk voru mörg t.d. nokkur vinna við boranir og grunnvatnsathuganir vegna væntanlegra fiskeldisstöðva og undirbúningsur ýmissa stórra og smárra mannvirkja (flugstöð, raflínur o.fl.).

Deildarverk: Undirbúningur fyrir virkjun Eystri Jökulsár í Skagafirði. Athuganir við Neðri Þjórsá einkum vegna skjálftavirkni. Yfirlitsjarðfræðikort af virkjanasvæði Þjórsár og Tungnaár.

Fagverk: Stærstu fagverk voru, berggæðamat og eftirlit á byggingarstigi. Lokið var við áfangaskýrslu um berggæðamat, sem beitt verður við jarðgangagerð hér á landi á næstu árum. Fylgst er með byggingaframkvæmdum á virkjunarstöðum (t.d. Blöndu og Kvíslaveitu) til að sannreyna niðurstöður undirbúningsrannsókna.

Verkaskipting MJ 1984

Rekstur	10,5 % eða 63 vikuverk þ.e. 1,3 ársverk
Fagverk	17,9 % eða 109 vikuverk þ.e. 2,1 ársverk
Deildarverk	22,1 % eða 134 vikuverk þ.e. 2,7 ársverk
Söluverk	49,5 % eða 299 vikuverk þ.e. 5,9 ársverk

-----  
Alls 605 vikuverk þ.e. 12,0 ársverk

#### Helstu verk 1985:

Söluverk: Hér er gert ráð fyrir nokkuð miklum samdrætti, en fyrir Landsvirkjun verður m.a. unnið úr eftirfarandi verkum fyrri hluta árs: Kvíslaveita, Þórisvatnsmiðlun, Vatnsfellsvirkjun, Bjallavirkjun og Sultartangavirkjun. Þá verður heildarskýrsla um rannsóknir Vatnsorkudeildar vegna Fljótsdalsvirkjunar gefin út. Í sumari verða ýmsar vettvangsrannsóknir við Búrfellsvirkjun II, Efri Þjórsá, Vatnsfellsvirkjun, Sultartangavirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Gert er ráð fyrir mögulegri vinnu við athuganir á byggingarstigi við Blöndu og Kvíslaveitu. Þá er einnig að vænta nokkurra smárra söluverka fyrir ýmsa aðila eins og endranær.

Deildarverk: Stærsta verkið er rannsóknir við Eystri Jökulsá í Skagafirði. Einnig er unnið m.a. við Efri Hvítá og Neðri Þjórsá. Þá mun starfslið MJ taka þátt í deildarverkum með Vatnamælingum sem nemur rúmlega 2 ársverkum.

Fagverk: Helstu verk verða eins og síðasta ár, að fylgjast með framkvæmdum á virkjunarstöðum, sérstaklega við Kvíslaveitu og Blöndu. Við Blöndu verður einnig fylgst með hvernig norska berggæðamatskerfið hentar íslensku bergi. Þá verður eins og undanfarin ár fylgst með framförum í bortækni, borholumælingum og sýnatöku ásamt ýmsum smærri verkum.

Áætluð verkaskipting MJ 1985.

Rekstur	12 % eða 45 vikuverk þ.e. 0,9 ársverk
Fagverk	23 % eða 90 vikuverk þ.e. 1,8 ársverk
Deildarverk	20 % eða 75 vikuverk þ.e. 1,5 ársverk
Söluverk	45 % eða 175 vikuverk þ.e. 3,5 ársverk

-----  
Alls 385 vikuverk þ.e. 7,8 ársverk

Auk þess vinnur MJ fyrir VM.

Deildarverk	85 vikuverk þ.e. 1,7 ársverk
Söluverk	30 vikuverk þ.e. 0,6 ársverk
-----	
	Alls 115 vikuverk þ.e. 2,3 ársverk

### JRÐFRÆDIKORTLAGNING

#### Starfssvið:

Yfirlitskortlagning á jarðfræði vatnasviða og virkjunarsvæða (berg, set, og vatnafar. þ.e. grunnvatn og vatnsjarðfræði). Leit að lausum byggingarefni, könnun þeirra og flokkun. Jarðvatns- og vatnsjarðfræðirannsóknir á virkjunarsvæðum og vegna neyslu- og nytjavatns. Ýmis þjónusta á sviði setfræði og jarðvatnsfræði.

#### Starfslið:

Auk deildarstjóra 5,6 jarðfræðingar og 1 lausráðinn jarðfræðingur. Um 2,5 ársverk falla á bergkortlagningu og skyld verk; um 3 ársverk á setkortlagningu og byggingarefniskönnun, um 2 ársverk jarðvatnsrannsóknir og kortlagningu.

#### Helstu verk 1984:

Fagverk: Úrvinnsla efnagreininga á köldu vatni. Öskulagatímatal á Mið- Suðurlandshálendi. Set- og vatnafræðilegir eiginleikar fallvatnasets. Gerð kortastaðla fyrir berg-, set- og vatnafarskort í 1:50.000. Þróun ferlis við gerð og útgáfu jarðfræðikorta.

Virkjunarrannsóknir: Jarðfræðikortlagning á vatnasviðum Þjórsár Tungnaár, Neðri Þjórsár, Efri Hvítár, Jökulsár á Dal og Markarfljóts. Byggingarefniskönnun við Austari Jökulsá í Skagafirði og Jökulsá í Fljótsdal (söluverk).



Ýmis deildarverk: Úrvinnsla athugana á mó. Lindakannanir í Borgarfirði og Biskupstungum.

Ýmis söluverk: Neyslu- og nytjavatnsöflun fyrir sveitarfélög, fiskeldisstöðvar og fleiri. Úrvinnsla gagna um surtarbrand á Vestfjörðum.

#### Helstu verkefni 1985:

Fagverk: Úrvinnsla efnagreininga á köldu vatni. Úrvinnsla gagna um öskulagatímal. Þróun staðla og útgáfuférlis fyrir jarðfræðikort. Skýrsla um fallvatnaset.

Virkjunarrannsóknir: Framhald jarðfræðikortlagningar á sömu svæðum og 1984. Byggingarefniskönnun við Jökulsár í Skagafirði og Jökulsá á Dal. Ýmis þjónusta við Landsvirkjun (söluverk).

Ýmis deildarverk: Skýrsla um móathuganir. Lindakannanir. Sandstrendur á Suðurlandi.

Ýmis söluverk: Einkum neysluvatnsöflun og vatnsöflun fyrir fiskeldisstöðvar.

#### Sérstök verkefni framundan:

Fagverk og ýmis deildarverk: Efnainnihald í köldu vatni, í samvinnu við aðrar stofnanir, ef til kemur. Lindakannanir á V- og S- landi. Athuganir á seti frá lokum ísaldar á Austurlandi vegna Jökulsár á Dal. Stöðlun setgreiningar og samræming eftir föngum við greiningar annarra stofnana.

## UMHVERFISRANNSÓKNIR

### Starfssvið:

Aðalverkefni deildarinnar er að sjá til þess að nauðsynlegar umhverfisarannsóknir fari fram á stigum forrannsókna á virkjunarsvæðum, síðar virkjunarstöðum. Meiri hluti þeirra er keyptur af rannsóknarstofnunum á sviði náttúrufræða. Deildin sér að mestu sjálf um rannsóknir á sviði vatnalíffræði. Hún sér einnig um rekstur aurburðastofu, eftir að sýnatakan verður flutt til VM (1985).

### Starfslið:

Fastráðnir starfsmenn eru tveir, og tveir voru lausráðnir 1984 (hlutavinna), auk eins, sem var lausráðinn til aurburðarsýnatöku.

### Verkefni 1984:

Fagverkefni: Unnið var að skýrslu um rannsóknir á jökulvötnum og sýni tekin úr Þórisvatni, aukið við skrár sem varða umhverfi virkjunarsvæða og virkjunarhugmyndir.

Deildarverkefni: Vegna aurburðarrannsókna voru mæld 420 sýni, þar af rösk 100 fyrir Landsvirkjun v. Kvíslaveitnu og Sigöldu. Talsvert vannst á botnskriðssýni frá 1983 og byrjað á sýnum frá 1984. Á árinu var haldið áfram heildar samantekt á niðurstöðum aurburðarrannsókna frá upphafi, og er skýrsla væntanleg 1985. Þá verður rannsóknaráætlun væntanlega endurskoðuð frá grunni.

Í beinum virkjunarrannsóknum var umhverfisarannsóknum v. virkjunar Jökulsáa í Skagafirði lokið 1984. Vegna Jökulsár á Dal komu út niðurstöður hreindýrarannsókna og áfram unnið að útgáfu gróðurkorta en þau hafa tafist. Að mestu var lokið úrvinnslu og skýrslu vegna náttúrufræðisvæðisins. Vegna Hvítár í Árn. var farið yfir hugmyndir um virkjun og aðstæður kannaðar.

Söluverk: Staðarvalsnefnd endurgreiddi launa- og skrifstofukostnað eins starfsmanns í hlutastarfi, sem hafði athvarf á deildinni 1984. Ekki reiknað með framhaldi 1985. Fyrir Landsvirkjun var unnið að rannsóknum á aurburði í Efri Þjórsá og mælingum á seti í nýleg lón á svæðinu. Úrvinnslu að mestu lokið.

### Verkefni 1985:

Gefnar verða út skýrslur um rannsóknir vegna Jökulsáanna í Skagafirði og gróðurkort af Giljamúla, skýrsla um Hvítárnes og um Jökulsá á Dal. Gert er ráð fyrir að hefja rannsóknir á Jökuldalsheiði.

## VERK- OG VATNAFRÆÐIDEILD

### Starfssvið:

Verk- og vatnafræðideild skiptist í tvær tiltölulega sjálfstæðar einingar, Straumfræðistöð annars vegar og virkjanaáætlanir og vatnafræði hins vegar. Hlutverk deildarinnar er að:

Annast líkantilraunir einkum vegna undirbúnings virkjana (Straumfræðistöð)

Skilgreina nýtingu vatnsorku á einstökum vatnasviðum.

Gera frumsamanburð á virkjanatilhögunum.

Hafa umsjón með forhönnun virkjana.

Hafa umsjón með gerð rennslisraða vegna rekstrareftirlíkinga.

Annast ýmiss konar grunnvatnsrannsóknir, einkum til að meta lekt jarðлага.

Afla almennrar þekkingar um vatnafar landsins.

### Starfslið:

Á deildinni störfuðu níu manns í árslok, fjórir við Straumfræðistöð og fimm við áætlanagerð og vatnafræði. Tveir verkfræðingar (fastráðnir) vinna við áætlanir og vatnafræði, einn jarðfræðingur (ráðinn til þriggja ára) vinnur við áætlanir og forritun, einn vatnafræðingur (fastráðinn) vinnur við gerð rennslislíkana, almennar vatnafræðirannsóknir og forritun, einn vatnafræðingur (lausráðinn til 31.12. 1984) vann fyrri hluta ársins við líkantilraunir en síðustu þrjú mánuði ársins við vatnafræði. Tveir tæknifræðingar (fastráðnir), einn trésmíðameistari og einn rannsóknarmaður (lausráðinn) vinna við líkantilraunir í Straumfræðistöð.

### Helstu verkefni:

Unnið var að eftirtöldum fagverkefnum:

- Tölvunámskeið.
- Mat á lekt. Grein á ICOLD ráðstefnu 1985.
- Þróun rennslislíkana.
- Gagnabanka um veðurfar vegna rennslislíkana.
- Endurskoðun kostnaðarjafna og einingarverðs í virkjanalíkani Orkustofnunar, ásamt þróun líkansins.

Deildin lagði til vinnu við eftirtalin deildarverkefni:

- Jökulsár í Skagafirði, rennslisráðir o.fl.
- Forathugun virkjana í Skjálfandafljóti, Jökulsá á Dal, Markarfljóti, Efri Þjórsá, Neðri Þjórsá og Efri Hvítá.
- Rennslisgagnanefnd (Regn).
- Nefnd til að endurskoða aðferðir við mat á orkumætti vatnsorkukerfa og rekstur þeirra. (Stamovar).
- Samstarfsnefnd um undirbúning virkjana (Vísir).

Auk þess var unnið að ýmsum verkefnum fyrir iðnaðarráðuneytið einkum vegna orkusparnaðar og norræns samstarfs.

Deildin tók þátt í eftirtöldum söluverkefnum, sem öll voru unnin fyrir Landsvirkjun:

- Rannsóknir vegna virkjunar við Vatnsfell (mat á lekt).
- Rannsóknir vegna Kvíslaveitu (mat á lekt).
- Rannsóknir vegna stækkunar Búrfells (mat á lekt).
- Rannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar (veðurfar).

Ennfremur:

- Rannsóknir vegna vatnsöflunar fyrir fiskeldi o.fl.

Í Straumfræðistöð var unnið við eftirtalin líkön vegna Blönduvirkjunar, einnig fyrir Landsvirkjun:

- Botnrás og lokuvirki við Reftjarnaröng.
- Botnrás og lokuvirki við Kolkuhól.

Auk þess var lokið skýrslu vegna þotnrásar í Sultartangastíflu. Einn starfsmaður Straumfræðistöðvar vann eingöngu að straumfræðiathugunum fyrir Hafnarmálastofnun.

## ORKUBÚSKAPARDEILD

### Starfssvið:

Meginstarfssvið deildarinnar er:

- Safna gögnum um alla þætti orkumála.
- Veita stofnunum, innlendum sem erlendum, og almenningi upplýsingar um orkumál.

Gefa út rit um helstu þætti orkumála (Orkumál).

- Vinna að áætlunum um orkunotkun (Orkuspárnefnd).
- Gerð langtímaáætlana um uppbyggingu orkukerfa, þróun aðferða við mat á orkukerfum.
- Kanna hagkvæmni orkugjafa og nýtingu þeirra.

### Starfslið:

Á deildinni eru tveir verkfræðingar, einn fulltrúi sem ritstýrir Orkumálum og skrifstofumaður hálfann daginn sem vinnur við gagnasöfnun.

### Verkefni árið 1984:

Á árinu var unnið að ýmsum verkum, en þau helstu voru:

Gagnasöfnun og upplýsingamiðlun um orkumál: Verkefnið var með hefðbundnum hætti á árinu. Unnið var að tölvuvæðingu gagnasöfnunar.

Orkuspár: Í upphafi árs var hafin endurskoðun á raforkuspá og fram á haustið var unnið að ýmsum þáttum sem ganga inn í spána, t. d. voru athugaðir dreifistuðlar raforkunotkunar og áhrif útihitastigs á notkun. Í vetur var síðan hafin endurskoðun á spánni sjálfri. Einnig var unnið að endurskoðun á húshitunarspá og í lok árs lá fyrir uppkast að þeirri spá. Þessi verkefni voru kynnt á fundum SÍR og SÍH.

Starfshópur um endurskoðun á aðferðum við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra (STAMOVAR): Starfshópurinn hélt 9 fundi á árinu, en í hópnum eiga sæti tveir fulltrúar frá Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkustofnun (OBD og VV). Mest var unnið að verkefnum varðandi óvissu í rennsli, einnig var tekin saman lýsing á núverandi aðferðum við rekstrareftirlíkingar á vegum Landsvirkjunar. Dreifistuðlar raforkunotkunar sem nefndir voru hér að framan voru athugaðir bæði vegna orkuspánna og þessa verkefnis. Í lok árs var hafin samantekt á fyrstu áfangaskýrslu hópsins.

Orkusparnaður: Snemma árs ákváðu ráðherrar iðnaðar- og félagsmála að gangast fyrir sérstöku orkusparnaðarátaki, til að jafna húshitunarkostnað m. t. t. mismunandi orkunýtingar húsa. Skipuð var sérstök verkefnisstjórn yfir þetta verkefni, en henni til ráðgjafar var sett á fót nefnd sem Orkustofnun á fulltrúa í. Orkustofnun var síðan falið að safna gögnum um orkunotkun húsa og á árinu var kannað rafhitað íbúðarhúsnæði í þéttbýli utan hitaveitusvæða. Einnig var Orkustofnun falið af Iðnaðarráðuneytinu að vinna að öðrum orkusparnaðarverkefnum en varðandi hitun húsnæðis.

Surtarbrandur: Unnið var að athugun á surtarbrandi á Vestfjörðum í samræmi við ályktun Alþingis frá 1983. Snemma árs kom út skýrsla eftir þá Freystein Sigurðsson og Kristján Sæmundsson um ferð þeirra um Vestfirði sumarið 1983 og heimildaöflun. Síðasta sumar voru fengnir breskir námasérfræðingar til að skoða aðstæður og gera gróft kostnaðarmat. Niðurstaða kom frá þeim í lok árs og er skýrsla væntanleg í byrjun árs 1985.

#### Verkefni næsta árs:

Eins og áður verður unnið að gagnasöfnun og upplýsingamiðlun. Starfsemi Orkusparnefndar heldur áfram og á árinu 1985 verður lokið við endurskoðun raforku- og húshitunarspár. Unnið verður einnig að endurskoðun jarðhita- og olíuspár. Aukin áhersla verður lögð á verkefni starfshópsins STAMOVAR. Áfram verður unnið að verkefnum fyrir orkusparnaðarátak.

### STARFSMANNASKRÁ 1984

Starfsheiti eru að mestu leyti samkvæmt skrá Launadeildar Fjármálaráðuneytisins, nema hvað náttúrufræðingar eru flokkaðir sundur. Fangamörk eru samkvæmt skrá Orkustofnunar 1983. 04.12. og síðari viðbótum eða breytingum. Fangamörk í sviga eru einvörðungu notuð innan VOD, þar að þau eru eins og fangamörk starfsmanna á öðrum deildum Orkustofnunar, eða fangamörk fólks, sem ráðið er til skamms tíma. Fjöldi mánaðarverka er skráður hjá lausráðnu starfsfólki og þeim, sem unnu ekki allt árið. Hlutastörf eru skráð sem hundradshlutar af fullu starfi.

### SAMKOSTNAÐUR (SK)

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Haukur S. Tómasson, forstjóri	HT	
Helgi Gunnarsson, rekstrarstjóri	HG	
Anna S. Leópoldsdóttir, ritari	AL	8,9
Gunnar Jónsson, fulltrúi	GJ	
Guttormur Sigbjarnarson, deildarstjóri	G.Sig(GS)	
Lausráðið starfsfólk:		
Elín Einarsdóttir, kennari	(EL)	2,4
Jóhanna Rósa Arnardóttir, skrifstofumaður	JRA	7,2
Jóhanna Pétursdóttir skrifstofumaður	JP	2,0
Pétur Ásbjörnsson, rannsóknarmaður	PA	6,7
Sigrún Hauksdóttir, skrifstofumaður	SiH	7,4
Sigurbjörg H. Birgisdóttir, skrifstofumaður	SiB	6,8

### VATNAMÆLINGAR (VM):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Sigurjón Rist, forstöðumaður	SR	
Árni Snorrason, verkfræðingur	ÁSn	
Ásgeir Sigurðsson, rannsóknarmaður	ÁS	
Davíð B. Guðnason, vatnamælingamaður	DG	
Eberg Elefsen, vatnamælingamaður	EE	
Guðmunda Andrésdóttir, yfirtækniteiknari	GAn	6,0
Gunnsteinn Stefánsson, vatnamælingamaður	GSt	
Lausráðið starfsfólk:		
Friðrik Þ. Adamsson, vatnamælingamaður	FPA	12,0
Steinn Sigurðsson, háskólanemi	StS	2,6

LANDMÆLINGAR (LM):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Gunnar Þorbergsson, forstöðumaður	GÞ	
Ásgeir Gunnarsson, rannsóknarmaður	ÁG	
Guðmundur H. Vigfússon, rannsóknarmaður	GHV	
Lausráðið starfsfólk:		
Arni Arnason, skólastjóri	(ÁÁ)	1,8
Ársæll Þ. Arnason, mælingamaður	(ÁÞÁ)	2,7
Ingvar Þ. Magnússon, jarðeðlisfræðingur	IÞM	2,0
Kristinn H. Þorbergsson, yfirkennari	(KHÞ)	1,0
Steinn E. Kristmundsson, mælingamaður	(SEK)	1,6

MANNVIRKJAJARÐFRÆÐI (MJ):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Birgir Jónsson, deildarstjóri	BJ	
Ágúst Guðmundsson, jarðfræðingur	ÁgG	
Björn A. Harðarson, jarðverkfræðingur	BAH	
Björn Jónasson, jarðfræðingur	BjJ	
Davíð Egilson, deildarverkfræðingur	DE	
Halína M. Bogadóttir, jarðeðlisfræðingur	HB	
Jósef J. B. Hólmjárn, rannsóknarmaður	JH	
Oddur Sigurðsson, jarðfræðingur	OS	
Snorri Zóphóníasson, jarðfræðingur	SZ	
Lausráðið fólk:		
Bjarni Kristinsson, jarðfræðingur	BK	12,0
Erlendur Pétursson, jarðfræðingur	(EP)	2,4
Gísli Guðmundsson, jarðfræðingur	(GíGu)	2,0
Hlöðver Bergmundsson, jarðfræðingur	(HBe)	1,4
Kristjana G. Eypórsdóttir, jarðfræðingur	KGE	3,7
Magnús T. Guðmundsson, háskólanemi	(MTG)	0,5
Pétur Pétursson, jarðfræðingur	PP	11,8
Þorsteinn Guðjónsson, afl. starfsmaður	(ÞG)	2,5



JARDFRÆDIKORTLAGNING (JK):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Freysteinn Sigurðsson, deildarstjóri	FS	
Árni Hjartarson, jarðfræðingur	ÁH	
Bessi Aðalsteinsson, jarðfræðingur	BA	
Elsa G. Vilmundardóttir, jarðfræðingur	EGV	
Ingibjörg Kaldal, jarðfræðingur	IK	7,2
Skúli Víkingsson, jarðfræðingur	SV	
Snorri P. Snorrason, jarðfræðingur	SPS	
Þórólfur H. Hafstað, jarðfræðingur	ÞHH	
Lausráðið starfsfólk:		
Sigbjörn Guðjónsson, jarðfræðingur	SIG	12,0

UMHVERFISRANNSÓKNIR (UR):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Hákon Aðalsteinsson, deildarstjóri	HA	
Svanur Pálsson, landfræðingur	SP	
Lausráðið starfsfólk:		
Georg Guðni Hauksson, tæknimaður	GGH	3,3
Gunnar Jónsson, háskólanemi	(GuJ)	0,4
Sigríður G. Hauksdóttir, landfræðingur	SGH	2,0
Sigurbjörn Einarsson, jarðvegsfræðingur	SigE	9,3

VATNA- OG VERKFRÆÐI (VV):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Jón Ingimarsson, deildarstjóri	JI	
Hörður Svavarsson, jarðfræðingur	HSs	
Kristinn Einarsson, vatnafræðingur	KE	
Þorbergur Þorbergsson, verkfræðingur	ÞÞ	

STRAUMFRÆDISTÖÐ (SFS):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Björn Erlendsson, deildartæknifræðingur	BE	
Gestur Gunnarsson, tæknifræðingur	GG	
Lausráðið starfsfólk:		
Laufey B. Hannesdóttir, verkfræðingur	LBH	12,0
Stefán Hermannsson, rannsóknarmaður	SH	12,0
Þorsteinn Jóhannsson, verkstjóri	ÞJÓ	12,0

ORKUBÚSKAPUR (OB):

	Fanga- mark:	Mánaðar- verk:
Jón Vilhjálmsson, deildarstjóri	JV	
Ingibjörg J. Gísladóttir, skrifstofumaður	IG	6,0
Ólafur Pálsson, verkfræðingur	ÓP	
Rútur Halldórsson, fulltrúi	RH	
Lausráðið starfsfólk:		
Olavi M. Ojala, háskólanemi	(OMO)	2,7

ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild  
1985-03-21 HG

YFIRLIT UM INNGJÖLD OG ÚTGJÖLD  
VATNSORKUDEILDAR 1984

FJÁRFÖNG ALLS :	44.325	(44.313)	1)
Fjárveiting	29.787	(29.787)	
Launabætur	299	(0)	
Verksala	14.239	(14.526)	
ÚTGJÖLD ALLS :	44.325	(44.313)	
Laun	26.342	(27.570)	
Annað	17.983	(16.743)	

1) (Áætlun jan 84)

Tafla 4.2

Skipting virks vinnutíma og kostnaðar á verkefnaflokka.

ORKUSTOFNUN  
VATNSORKUDEILD  
1985-02-22

VERKEFNA- OG FJARHAGSUPPGJÖR VOD 1984  
MEGINSKIPTI TIMA OG FJAR

	VINNU- STUNDIR	VIKU VERK	%	1) LAUNA- GJÖLD Kkr	2) BOKFÆRT BEINT A VERK Kkr	3) KOSTN ÓBEINN Kkr	VOD ALLS (1+2+3) Kkr	%
REKSTUR	17,224	431	16.3	4,485	2,845	0	7,330	17.1
FAGVERK	9,986	250	9.5	2,440	0	836	3,276	7.63
DEILDARV.	45,541	1,138	43.1	11,827	5,844	3,571	21,242	49.5
SÖLUVERK	32,753	819	31.0	8,166	1,812	1,128	11,106	25.9
	105,504	2,638	100.0	26,918	10,501	5,535	42,954	100
STOFNKOSTN							1,367	
UTGJÖLD							44,321	

Skýringar:

Launakostnaður er samsettur úr greiddum launum og launagjöldum (orlof á yfirvinnu, lífeyrissj. launask. o.fl.).

Vinnutími er annarsvegjar tími skráður á tiltekin verk (105.500), og hinsvegjar óvirkur tími (34.920; orlof, veikindi, matartímar o.p.h.).

Greiddar vinnustundir voru samtals 140.420 á árinu 1984.

Launagjöld og óvirkur tími gera saman óbeinan launakostnað. Þeim kostnaði er jafnað út á virkan tíma, og dreift á verk í hlutfalli við vinnuframlag til þeirra.

launakostn. (beinn+óbeinn)

Launakostn. til skipta =  $\frac{\text{launakostn. (beinn+óbeinn)}}{\text{virkur vinnutími}}$

Tafla 4.3

Skipting launakostnaðar eftir fagdeildum og verkefnaflokkum.

VERKEFNA- OG FJARHAGSUPPGJÖR VOD 1984  
1985-02-22

	SK	VM	LM	MJ	JK	UR	VV	SS	OB	ALLS
L REKSTUR	1,910	107	203	654	427	158	310	622	94	4,485
A FAGVERK	140	122	185	1,121	388	102	215	39	129	2,441
U DEILDARV.	1,039	2,891	806	1,383	1,972	835	1,526	88	1,285	11,827
N SÖLUVERK	107	296	655	3,089	1,763	388	176	1,674	18	8,166
ALLS	3,196	3,416	1,849	6,247	4,550	1,483	2,227	2,423	1,526	26,917

SANEIGINLEG  
ÞJONUSTA

DEILDIR

DEILDARVERKEFNI

S D L U V E R K

EYSTRÍ- JÓKULSA SÍÐVÖTN AURBURÐUR VMH RENN.MEL. OB WMIST STRAUMF. VIRKJANIR SUL.TARBR. ANNAD  
 JÓKULSA A DAL MARKARF. ÞJÓRSA 912 921 922 932 - 963 LANDSV.

	ALLS	SK	FP	OB	VM	LM	MJ	JK	UR	VV	JÓKULSA	A DAL	MARKARF.	ÞJÓRSA	AURBURÐUR	VMH	RENN.MEL.	OB	WMIST STRAUMF.	VIRKJANIR	SUL.TARBR.	ANNAD		
1 Laun fastráðanna	19,734	2,228		1,228	2,647	1,337	4,767	3,701	826	3,000														
2 Laun laustráðanna	4,620	635		143	415	251	854	456	529	1,212	125													
3 Husnæði (leiga, rektur)	1,235	891			51					293														
4 Vinnub. upphald og ferðakostnaður	2,429	186		5	833	28	217	276	7	219	314	27	6	136	124									
5 Rektur milltekja og ahalda	754			38	208	3	408	5	68	24														
6 Rektur eigin faratekja	1,939	189			649	293	521		287															
7 Leiga faratekja (bilar o.fl.)	2,382	118			9	80	345	193	2	174	330	155	15	199							120	642		
8 Aðkeypt (serfæði)þjónusta	2,224	8		4	1	4	29	59		245	523	100		351							82		818	
9 Samþing- og vegabætur	101				1						100													
10 Kortagerð	859									200				420								239		
11 Borenlir	728									538				190										
12 Ymis þjónusta og rektur	3,772	395		53	64	557	309	8	74	110	260	645	9	62	283	123					206	140	168	148
13 Gjaldfærður stofnkostnaður	1,367	269					348	750																
14 Endurinnheimt	0																							
BOKFÉRT	42,144	4,919		91	1,444	5,371	2,653	7,899	4,764	1,829	5,427	2,775	291	503	1,159	247	0	206	581	0	830	982	173	
Launagjöld	2,176																							
ALLS	44,320																							
LAUNAFRAMLAG FAGDEILDA FLUTT A	1,346																							
DEILDAR- OG SDLUVERK	1,288				3,186	1,461	4,678	3,738	1,283	3,864	135	47	32	325	0	0	0	78	997	1,674	143	0	33	




VERKNR.	VERKHEITI	SK	VM	LM V	MJ I	JK K	UR U	VV R	SS	OB	VIKUR ALLS	LAUN Kkr.	BEINT A VERK Kkr.	O BEINT VERK Kkr.	ALLS Kkr.
308	Mentun namsk.	13.7									13.7	140		30	170
312	Rennslislikön		1.9								1.9	19			19
316	Þroun forrita		3.0								3.0	29			29
318	Menntun í starfi		7.6								7.6	74		144	218
321	Gagnasafn		8.1								8.1	62			62
322	Profun tækja, neta, korta		1.0								1.0	8			8
326	Forritagerð		5.3								5.3	41			41
327	Tölvufræði		1.2								1.2	9			9
328	Landmælifræði		7.8								7.8	60		11	71
329	Ymis fagverk LM		0.7								0.7	5			5
331	Bortækni				5.0						5.0	52			52
331.2	SZ-pakkari				4.5						4.5	46		62	108
331.3	Borholuskra				4.5						4.5	46			46
331.7	Borkronuending				1.4						1.4	14			14
332.1	Straummælir				1.4						1.4	14			14
334.1	Bergtækni				22.9						22.9	239		60	299
334.4	Fjarkönnun				0.6						0.6	6			6
337.1	Hljóðhr. mism. jarðl.				7.4						7.4	76			76
337.2	Rafsegulmælingar				4.0						4.0	41		83	124
337.3	Gagnasöfnunartæki				5.5						5.5	57			57
338.1	Eftirlit á framkv.st.				6.4						6.4	66			66
338.4	Hæfing				20.0						20.0	206		58	264
338.7	MJ-Jarðfræðikort				2.6						2.6	27			27
339	Ymis fagverk				19.8						19.8	204			204
338.7	MJ-Jarðfræðikort				2.6						2.6	27			27
341.1	Efnagr. á grunnvatni					3.4					3.4	38			38
344.1	Þskulagarannsóknir					7.7					7.7	86		28	114
345.1	Gerð jarðfræðikorta					10.8					10.8	121		50	171
346.1	Vatnafarskort					0.3					0.3	3			3
347.1	Fallvatnaset					2.9					2.9	32			32
348.3	Namsk. og raðstefnur					7.7					7.7	86			86
